

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Hofshreppi.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Hofshreppi til að koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt; koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir á Hofsósi og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða séu þrífaleg og í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt á Hofsósi án leyfis sveitarstjórnar. Samþykkt þessi skerðir þó ekki rétt lögbýla til búfjárhalds.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina fjölda búfjár og geymslu þess.

4. gr.

Telji sveitarstjórn skilyrði fyrir hendi skal veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Hofshrepp til að sjá leyfishöfum fyrir beitolandi eða annarri aðstöðu. Leyfi skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi Hofsóss eigi síðar en þremur mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þessi ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

5. gr.

Eigendur búfjár bera ábyrgð á tjóni sem búfé kann að valda. Búfjárefartilitsmaður hreppsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

6. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlegt leyfisgjald til Hofshrepps. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð gjaldsins, skal hún hafa til hliðsjónar kostnað hreppsins vegna búfjárhalds í hreppsfélaginu, svo sem vegna búfjáreftilits, vörslu lands, smölunar o.fl. Gjaldi þessu má ekki verja til annarra verkefna hreppsfélagsins. Landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld og birtir í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð á Hofsósi. Búfénað sem gengur laus skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu. Ennfremur geta þeir sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum slíks ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins áður en hann er afhentur, innan sólarhrings. Eftir þann tíma verður búfénaðurinn seldur á uppboði eða honum lógað. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa á Hofsósi.

8. gr.

Sveitarstjórn kýs þrjá menn og þrjá til vara til að hafa umsjón með málefnum sem varða búfjánhald og lendur Hofshrepps til beitar og grasnytja. Skal nefndin heita búfjárnefnd. Nefndin skal vera sveitarstjórn ráðgefandi um nýtingu lands og allt sem búfjánhald varðar. Nefndin skal fá umsóknir um leyfi til búfjánhalds til umsagnar og skila álitum til sveitarstjórnar.

Beit búfjár utan þeirra reita er búfjáreigendur hafa til ráðstöfunar er aðeins heimil á þeim beitarlöndum sem nefndin hefur ráðstafað til viðkomandi búfjáreigenda. Ennfremur heldur nefndin skrá yfir lönd sem sveitarstjórn leigir til grasnytja og er ráðgefandi varðandi þær breytingar sem gerðar kunnar að vera, bæði varðandi leiguskilmála og leigjendur svo og ráðstöfun beitarlands.

9. gr.

Fái búfjáreigendur land til grasnytja skulu þeir viðhalda ræktun og girðingum þannig að viðunandi sé. Verði misbrestur þar á að dómi búfjárnefndar og/eða sveitarstjórnar, má segja leigunni upp fyrirvaralaust ef skriflegum ábendingum er eigi sinnt innan þess frests er gefinn verður hverju sinni.

10. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði samþykktarinnar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku hennar, tilkynna um búfjánhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal tekinn í vörslu af lögreglustjóra, boðinn upp eða lógað að undangenginni aðvörðun sem eigi hefur verið sinnt.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hofshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjánhald í Hofsóshreppi nr. 406 12. nóvember 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.